



THE FAMILY GAME OF VISUAL PERCEPTION®



Instruktioner



Anvisningar



Instruksjoner



Ohjeet



Instructions



Leiðbeiningar





Leiðbeiningar

Markmið spilsins er að koma auga á **SETT** af þemur spilum af 12 sem lögð eru niður. Hvert spil hefur fjögor einkenni:

- (A) **FORM:** Á hverju spili er formið bylgjulagað, sporöskjulagað eða tígullagað.
- (B) **LITUR:** Formin eru fjólublá, græn eða rauð.
- (C) **FJÖLDI:** Á hverju spili er eitt, tvö eða þrjú form.
- (D) **SKYGGING:** Formin eru ýmist fyllt, tóm eða röndótt.

SETT samanstendur af þemur spilum. Einkenni spilanna þriggja þurfa annað hvort að vera eins eða ólík. Öll einkennin verða að uppfylla þessa reglu. Með öðrum orðum: Formið verður annað hvort að vera eins á öllum þemur spilunum eða ólík á þessum þemur spilum: liturinn verður annað hvort að vera eins á öllum þemur spilunum eða ólíkur o.s.frv. Sjá DÆMI á næstu síðu.

STUTT TÉKK – Er þetta SETT?

Ef einhver tvö einkenni eru eins og eitt er öðruvísi, þá er ekki **SETT**. Dæmi: **SETT** er ekki ef tvö einkenni eru rauð og eitt er fjólublátt. Einkennin verða að vera öll eins EÐA öll ólík til að **SETT** náiist.

EINFÖLD BYRJUN

Til að læra spilið á auðveldan hátt skaltu byrja á minni bunkanum (þennan með fylltu formunum). Það útilokar eitt einkenni, skygginguna. Þegar þú hefur náð tökum á að finna **SETT** á skömmum tíma með þessum hætti skaltu stokka báða bunkana saman og spila því næst með öllum spilunum í einu.

SPILID

Sá sem gefur stokkar spilin og leggur niður 12 þannig að formin snúi upp (í rétthyrning) og allir sjáí þau. Leikmenn taka upp þriggja spila **SETT** hvaðan sem er af borðinu. Hvert **SETT** er skoðað af hinum leikmönnum. Ef það reynist rétt geymir við komandi leikmaður **SETTIÐ** hjá sér og fær fyrir það eitt stig. Sá sem gefur leggur því næst 3 spil á borðið í staðinn fyrir þau sem mynduðu **SETTIÐ**. Leikmenn verða að segja **SETT** áður en þeir taka upp spilin af borðinu. Ekki er spilað eftir neinum ákveðnum hring, fyrsti leikmaðurinn sem segir **SETT** á leik. Eftir að hann hefur sagt **SETT** má enginn annar leikmaður taka upp spil fyrir en sá sem sagði **SETT** hefur gert. Leikmaður verður að taka upp **SETTIÐ** innan örðfárra sekúndna eftir hann sagði **SETT**. Ef leikmaður segir **SETT** en finnur svo ekkert, eða ef **SETTIÐ** er rangt, missir hann eitt stig og spilunum þemur er skilað á borðið.

Ef allir leikmenn eru sammála um að það sé ekkert **SETT** í spilunum 12, er premur aukaspílum bætt við. Ekki eru **SETT** ný spil fyrir þau þegar næsta **SETT** finnst, heldur er spilunum aftur fækkað í 12. Athugið: Það eru ~ 33:1 likur á að það sé **SETT** í 12 spilum, og ~ 2500:1 likur þegar 15 spil eru á borðinu. Spilið heldur áfram þar til bunkinn er búinn. Í lok leiksins geta verið spil eftir sem ekki mynda **SETT**. Fjöldi **SETTA** sem hver og einn leikmaður hefur náð eru talin. Eitt stig er gefið fyrir hvert **SETT**. Sá/sú sem fær flest stig vinnur. Hægt er að spila lengri útgáfu af spilinu með því að spila spilið jafn oft og leikmennir eru. Leikmenn skiptast á að gefa eftir hvert spil og samanlagður stigafjöldi í öllum spilunum segir til um hver vinnur. Hægt er að nota **SET** til að leggja kapal. Ef leikmaður finnur ekki **SETT** eru þrjú aukaspil lögð niður og við það er gefið refsistig. Til að kapalinn gangi upp verður leikmaðurinn að bæta fyrir refsistigin með því að finna **SETT** á borðinu úr síðustu 12 spilunum.

VERÐLAUN SEM SPILIÐ HEFUR HLOTIÐ!

SET® er eitt margverðlaunaðasta spil allra tíma. Það hefur unnið fleiri en 25 titla sem besta spilið, þar á meðal: MENSA Select Award, Dr. Toy's 10 Best Game Award, Creative Child's Preferred Choice Award, Games Magazine „Games 100 Award“, Teachers' Choice „Best 25 Games of the past 25 years.“


Frekari upplýsingar um verðlaun sem spilið hefur hlotið eru að finna á www.setgame.com. Ekki gleyma að skoða „Free Daily Puzzle“.

Dæmi


Eftirfarandi dæmi eru SETT:



Öll þrjú spilin eru **rauð**; þau eru öll **sporöskjulaga**; öll hafa þau **tvö form**; og eru öll með mismunandi **skyggingu**.




Öll spilin eru í mismunandi **lit**; þau eru öll með mismunandi **form**; þau hafa öll mismunandi **fjölda af formum**; og öll eru þau með **eins skyggingu**.




Öll spilin eru í mismunandi **lit**; þau eru öll með mismunandi **form**; þau hafa öll mismunandi **fjölda af formum**; og öll eru þau með mismunandi **skyggingu**.

Eftirfarandi dæmi eru ekki SETT:



Öll spilin eru í mismunandi **lit**; þau eru öll **tígullaga**: öll hafa þau **eitt form**; samt sem áður eru tvö **tóm** og eitt er það ekki.



Öll spilin eru **bylgjulaga**; öll eru þau með mismunandi **skyggingu**; öll hafa þau tvö **form**; samt sem áður eru tvö **rauð** og eitt er það ekki.

SET® - Sjónræna fjölskylduspilið

Aldur: 6 ára og eldri. Fjöldi leikmanna: 1 eða fleiri.

www.setgame.com / www.bergsalaenigma.com

FIVE CROWNS



AN AWARD-WINNING GAME ★
FROM SET ENTERPRISES.

EASY TO LEARN! ★

A GAME FOR ★
THE ENTIRE FAMILY!



SET
ENTERPRISES INC.